



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Álftaborg

2026– 2027





## 1. Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	4
2. Greinargerð leikskólastjóra .....	4
3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 .....	6
4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 .....	11
5. Starfspróunarsamtöl .....	13
<b>5.1 Niðurstöður úr snerpusamtölum.....</b>	<b>13</b>
6. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.....	14
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	14
7. Foreldrasamstarf .....	15
7.1 Foreldraráð .....	15
7.2 Foreldrafélag.....	16
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	16
9. Próunarverkefni .....	16
10. Fylgiskjöl:.....	18
10.1 Innra mat Seljaland 2025-2026.....	18
10.2 Innra mat Hlíðarhvammur 2025-2026.....	21
.....	23
10.3 Innra mat Merkisteinn 2025-2026.....	23
10.4 Innra mat Lækjarhvammur 2025-2026.....	24
10.5 Umbótaáætlun 2026-2027 árgangur 2021 .....	26
10.6 Umbótaáætlun árgangur 2022 .....	29
10.7 Umbótaáætlun árgangur 2023 .....	30
.....	32
9.8 Umbótaáætlun árgangur 2024.....	32
9.9 Umsögn foreldraráðs.....	35



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Leiðarljós leikskólans:

„Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“.

### 2. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025 –2026 hófst eins og best verður á kosið, með fullskipuðu liði. Aðlögun byrjaði eftir að elstu börnin höfðu kvatt okkur seint í ágúst mánuði og hafið næsta stig skólagöngu sinnar. Aðlögunin gekk vel og var henni lokið um miðjan september.

Í Álftaborg er stöðugur og öflugur hópur starfsmanna sem býr yfir miklum mannauði, innri hvata, áhuga, fagmennsku og helgun í starfi sem litað er með gleði, umhyggju og hvatningu. Starfsmenn sinna starfi sínu af mikilli alúð og alltaf er markmiðið að gera góðan skóla betri.

Hvað gerir góðan skóla betri og hvernig náum við því besta frá okkar litla samfélagi? Því má velta fyrir sér, en að mínu mati skipta eftirfarandi tveir þættir miklu máli það eru samskipti og traust. Samskipti við börnin, foreldra og samstarfsfólk. Grunnurinn þarf að vera stöðugur og sterkur til að hægt sé að byggja ofan á hann, mér finnst við hafa náð þeim árangri og höldum áfram að hlúa að honum.

Ein stærsta viðurkenning þess efnis var að lenda í öðru sæti í miðlungsstærð vinnustaða í „Fyrirmyndar stofnun ársins“ sem unnið var af Sameyki fyrir ríki, bæ og borg. Það fyllti mitt hjarta stolti og auðmýkt, það eru forréttindi að vinna með svona stöðugum og faglegum starfsmannahópi.

Í haust hófum við þátttöku í þróunarverkefni með þremur öðrum leikskólum borgarinnar sem ber heitið „Leikur, gleði og nám“. Verkefnið snýst um sjálfsprottinn leik barna og þátttöku kennara í leik. Þetta er tveggja ára verkefni. Fyrir valinu var bókin „Dýrin í Hálsaskógi.“ Sjálfsprottinn leikur spilar stórt hlutverk í okkar starfi og fær að þróast á forsendum barnanna þar sem kennarar eru þátttakendur á forsendum barnanna.

Vel hefur gengið í sérkennslu og valinn maður í hverju rúmi. Þau vinna öll saman og undir stjórn sérkennslustjóra.

Allar áherslur okkar í námi barnanna miðast út frá hverjum árgangi fyrir sig sem þróast áfram. Á hverju aldursskeiði bætist við þekking og er gaman að fylgjast með framförum barnanna.

Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu í apríl eins og undanfarin ár. Það er ólýsanlegt stolt og gleði sem snertir hjarta manns á þeim tímapunkti.

Vettvangsferðir eru órjúfanlegur þáttur í leikskólalífínu í Álftaborg með allri þeirri fjölbreyttu menntun sem þar fer fram. Vináttan er stór þáttur í okkar samfélagi sem birtist m.a. í dygðunum okkar en þær eru m.a virðing, samkennd, umhyggja, gleði og hjálpssemi.




Mikilvægt er að börnin hafi rödd og það fá þau sannarlega. Þau ræða um lýðræði, halda fundi þar sem líðandi stund er rædd á þeirra forsendum og þau taka einnig þátt í mati á starfi skólans.

Við leggjum mikla áherslu á góð foreldrasamskipti og viljum að talað sé við okkur en ekki um okkur. Ég tel okkur hafa uppskorið eins og við sáðum. Við finnum það á þeirri viðurkenningu og hrósi sem við höfum fengið frá foreldrum, Stofnun ársins og þeim framförum sem börnin hafa tekið í leik og námi.

Samstarf foreldrafélags og foreldraráðs er okkur mikilvægt og hefur sú samvinna og samskipti verið til mikils sóma. Ég vil þakka þeim fyrir góða og óeigingjarna vinnu sem þau hafa lagt í okkar starf.

Ný og endurbætt skólanámskrá leikskólans leit dagsins ljós í desember 2025.





### 3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

#### Innra mat

Leikskóli án aðgreiningar	
Hvernig fór matið fram?	Gátlisti, rýnihópar barna og samtöl.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn og börn.
<b>Helstu niðurstöður mats Rýnihópar barna fædd 2020</b>	<p><b>Hvað gerir hópinn sérstakan?</b></p> <p>Skemmtilegur hópur af því að það er svo gaman hjá okkur og við erum góður hópur. Við erum öll góðir vinir, því við erum saman í hóp og erum að fara í skóla saman. Við erum líka stærsta deildin og við erum skemmtilegasta og besta deildin. Við erum að spila mikið saman.</p> <p><b>Hvernig getum við verið viss um að öllum líði vel á deildinn?</b></p> <p>Vera vinir, leika við vini og knúsa vini, hugga og spyrja viltu leika með. Leikskólinn er bestur og við erum alltaf að leika saman. Ekki skilja út undan og meiða. Hjálpast að, deila dóti og skiptast á. Vera góður þá líður öllum vel.</p> <p><b>Hvernig getum við hjálpað öllum að vera í leiknum?</b></p> <p>Við eignumst vini með því að kynnast og spyrja hvort að aðrir vilji vera með. Við getum líka spurt má ég vera með. Við getum hjálpað vinum okkar ef einhver er að skemma fyrir þeim. Þjóða í leik og segja „viltu koma í leikinn.“</p> <p><b>Hvernig er að vera góður vinur?</b></p> <p>Bangsi Blær hjálpar okkur að vera góðir vinir. Vinir hjálpast að og leika saman. Að vera glaður, brosa, knúsa og hjálpa fólki. Meiða ekki, öskra, bíta, stjórna öðrum og ekki hlæja út af einhverju sem manni finnst ekki flott.</p> <p><b>Hvernig getur Barnasáttmálinn hjálpað okkur?</b></p> <p>Við erum öll með sömu réttindin þó við séum stærri og minni, erum við jöfn. Réttindi að eiga hús, drekka</p>



## Mat kennarar

vatn, borða kjöt og hollan mat og eiga föt, fara í skóla og leikskóla og læra. Réttindi að föndra og búa til sem maður vill. Allir eiga rétt á að líða vel í hjartanu og börn mega leika. Réttindi eru líka að geta farið til læknis og tannlæknis og augnlæknis, komast heim og vera með vinum sínum. Rétt til að fara að sofa þá líður manni vel og að drekka vatn og mjólk en það eru ekki réttindi að drekka kóka kóla.

### **Kennarar fengu gátlita til að styðjast við, við gerð matsins (fylgiskjal 1)**

Allar deildir fóru yfir gátlistann og er mikill samhljómur með þeim. Eftirfarandi er útdráttur úr mati deildanna.

Menningin í leikskólanum er inngildandi fyrir öll börn. Við fræðumst um ólíkan uppruna og lærum um menningarbakgrunn allra barnanna á deildinni og hvetjum börnin til að sýna hvert öðru umburðarlyndi og virðingu. Einnig er mikilvægt að starfsfólk séu góðar fyrirmyndir og komi vel fram hvort við annað. Kennarar gera ekki upp á milli barnanna og eru svipbrigði og líkamstjáningar hlutlausar gagnvart öllum nemendum óháð kyni, uppruna og fatlana. Í skólanámskrá er kveðið á um að tryggja jafnan hlut kynjanna í skólanum. Staðan í húsi þegar þetta er ritað er sú að karlkyns starfsmenn eru þrjú talsins en kvenkyns starfsmenn eru um 27. Þetta er eitthvað sem erfitt er að koma í veg fyrir þar sem fáir karlmenn sækja um starf í leikskólum. Við erum meðvituð um að hafa efnivið, leikföng, námsefni og bækur þar sem nemendur geta speglað sig og komið til móts við þarfir og áhuga allra. Leikfangakostur leikskólans er fjölbreyttur til að mæta ólíkum þörfum og áhugamálum allra barnanna. Leikföngin eru geymd í hæð barnanna, með því móti geta börn haft áhrif á hvaða leikefni er valið. Menning leikskólans byggir að miklu leiti á fjölmenningu og er unnið eftir markmiðum barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Við höfum kost á að heimsækja bókasafnið í Kringlunni aðra hvora viku þar sem tækifæri gefst til að leigja



fjölbreyttar bækur til að spegla ólíkan barnahóp leikskólans. Í samverustundum er oft rætt um kynjajafnrétti. Börnin eru hvött til að velja sér svæði eftir áhuga, hvort sem það eru dúkkur eða ofurhetjur dót. Á Öskudag og hrekkja vöku gefst börnunum tækifæri til að klæða sig í það sem þau vilja.

Ef upp koma aðstæður sem ýta undir ójöfnuð, fordóma og útilokun þá tökum við á málunum strax, ræðum við börnin, horfum á stuttmynd, leikum aðstæður eða lesum bækur okkur til stuðnings. Að auki fylgist starfsfólk vel með samskiptum barnanna og grípur inn í ef eitthvað kemur uppá þeirra á milli. Hjálpar þeim að styrkja sjálfan sig, taka meiri frumkvæði og leysa málin sjálf, en þó með kennara nálægt.

Öll börn eru virkir þátttakendur í öllu starfi og er starfið sniðið að barnahópnum hverju sinni svo allir geti tekið þátt og notið sín. Hlustað er á raddir barnanna og hvar áhugi þeirra liggur. Börnin fara í ferðir og taka þátt í, uppákomum, sýningum, hópastarfi, útiveru, hreyfingu og leikjum. Þekking er til staðar á fjölbreyttum og sveigjanlegum kennsluháttum og er starfsfólk fljótt að bregðast við aðstæðum og taka tillit til ólíkra þarfa.





Hlutverk leikskólakennara sem fagleg fyrirmynd	
<b>Hvernig fór matið fram?</b>	Einn fundur var haldinn í vetur og þá var rætt um móttöku áætlun og hvernig tekið er á móti nýjum starfsmönnum. Ekki urðu fleiri fundir á þessu skólaári.
<b>Hverjir tóku þátt í matinu?</b>  <b>Kennarar</b>	Kennarar
	Styrkleikar; kennurunum finnst gott að hittast á fagfundum og vilja halda því áfram.  Tækifæri til umbóta; að halda áfram að hafa þessa fundi og þróa enn frekar útfærslu á þeim.

Viðhorf foreldra til leikskólans	
<b>Hvernig fór matið fram?</b>	Spurningakönnun fylgiskjal 2 og 3
<b>Hverjir tóku þátt í matinu?</b>	Foreldrar
<b>Helstu niðurstöður mats</b>	Foreldrakönnun var send til foreldra í vor og fengum við 60% svörun. Styrkleikar; 98% svarenda er ánægður með leikskólann.  Undirspurningar: <ol style="list-style-type: none"><li>1. 96% eru ánægðir með samskipti milli foreldra og kennara.</li><li>2. 93% eru ánægðir með hversu lítil starfsmannavelta er í leikskólanum.</li><li>3. 96 % telja að börnum sínum líði vel í leikskólanum.</li><li>4. Góð samskipti við stjóndur, 96% ánægðir með þau.</li><li>5. 96% eru ánægðir með gott upplýsingaflæði.</li><li>6. Varðandi faglegt starf eru 96% ánægðir með það.</li></ol>



Tækifæri til umbóta; þátttaka var ekki næg þar sem við settum markmið um 80% þátttöku en hún varð einungis 60%. Við ætlum að gera aðra könnun næsta vor þegar foreldrasamtöl eru tekin.

## Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsmannakönnu á vegum Sameykis
Hvernig fór matið fram?	Í tölvupósti til starfsmanna
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats	<p>Í þessari starfsmannakönnun voru eftirfarandi þættir kannaðir: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi, jafnrétti og ánægja og stolt. Það er skemmst frá því að segja að að allir þessir þættir koma virkilega vel út og prósentu allra þátta aukist sem er jákvætt.</p> <p>Fimm hæstu þættir voru eftirfarandi: Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti 4,95. Þegar á heildina er litið hafa þjónustu þegar jákvæða afstöðu til starfsstaðarins 4,95. Á mínum vinnustað njóta allir jafnræðis óháð t.d aldri kyni, uppruna, kynhneigð, trúar eða lífsskoðunar 4,91. Ég er stolt(ur) af starfsstaðnum sem ég starfa á 4,91. Þegar á heildina er litið er starfsstaðurinn sem ég starfa hjá talinn mjög traustur 4,91.</p> <p>Lægstu fimm þættir eru eftirfarandi: Telur þú vinnuveitanda þinn greiða þér betri, svipuð eða hærra laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma 3,11. Ánægja með launakjör 3,41 Laun starfsmanna starfsstaðarins eru ákveðin af sanngirni 3,75 Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu ) 3,86 Ánægja með vinnu -eða skrifstofurými 4,27. Af þessu má sjá að við getum haft mikil áhrif á efstu þættina en litil með þá lægstu, nema hljóðvistina og</p>



	hlúa enn betur að vinnuskilyrðum, sem við erum búin að fjárfesta í núna á síðustu dögum. Heildarmat þessarar könnunnar fyrir Álftaborg á öllum þáttunum er 4,59 sem gefur leikskólanum <b>Mjög góða einkunn.</b>
--	---

#### 4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
<b>Umbótapáttur/matsþáttur</b>	Hlutverk leikskólakennara sem fagleg fyrirmynd.
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að fagfundir leikskólakennara festist í sessi og þeir miðli þekkingu til annarra starfsmanna.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Halda áfram með fagfundi leikskólakennara og þróa enn frekar útfærslu á þeim.
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 til maí 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Könnun til starfsmanna, leikskólakennara og fundir.
<b>Viðmið um árangur</b>	Að allir starfsmenn komi að samvinnu og samræðum um faglegt starf leikskólans sem styrkir lærdómssamfélag skólans.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
<b>Umbótapáttur/matsþáttur</b>	Stafræn umbreyting í leikskólastarfi.
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Auka hæfni starfsmanna í stafrænni umbreytingu.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Einn starfsmaður á hverri deild fari á námskeið og fái fræðslu um stafræna umbreyting t.d gerfigreind, stryðjandi tækni, inngilding, stafræna borgaravitund og forritun og miðli til annarra starfsmanna. Auka aðgengi að tækni og búnaði í leikskólanum.



Ábyrgð	Stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027.
Viðmið um árangur	Að flestir starfsmenn hafi fengið grunnþekkingu á stafrænni umbreytingu.
Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Símat yfir veturinn á umbótaþáttum deilda.
Tækifæri til umbóta	Að gera matið virkara og auðvelda endanlegt mat að vori.
Aðgerðir til umbóta	Deildir ræði á deildarfundum og skrifi niður hvernig gengur.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Fundir og samtöl
Viðmið um árangur	Markvist unnið með mat yfir skólaárið





## 5. Starfsþróunarsamtöl

Snerpusamtöl við starfsmenn voru tekin reglulega yfir árið og byrjuðu í september. Þau voru tekin á skrifstofu eða í sérkennsluherbergi.

### 5.1 Niðurstöður úr snerpusamtölum

#### Virðing, kurteisi og starfsandi

Almennt ríkir kurteisi, virðing og hjálpsemi í leikskólanum. Starfsmönnum líður vel og þeir sem eru nýbyrjaðir líður eins og þeir hafi verið hér í mörg ár. Þeir finna fyrir hlýju og metnaði. Þeir geta tjáð sig og komið með hugmyndir í heilbrigðu vinnuumhverfi, þar sem allir hafa sömu réttindi. Virðing fyrir börnum er mikil og vel hugsað um þau. Almennt finnst starfsmönnum ekki erfitt að koma til vinnu. Starfsandinn er góður og mjög góður andi í húsinu. Gott er að koma í vinnuna og bjartsýni ríkir. Í skólanum er gott teymi sem samanstendur af sterkum og góðum hópi og mikil hlýja er í samskiptum þeirra á milli. Starfsmenn upplifa að á þá sé hlustað. Til að efla enn fremur samskipti milli deildanna kom upp sú hugmynd hjá nokkrum starfsmönnum að fara milli deilda og kynna öllum börnum betur og samstarfsmönnum. Upplifa vinnufyrirkomulagi deildanna sem er misjafnt eftir aldri og þroska þeirra og efla samvinnu deilda en meir. Starfsmenn hafa trú á að þróunar verkefni okkar þétti deildirnar enn meira saman.

#### Hvernig er líðan eftir vinnudaginn

Almennt líður starfsmönnum vel eftir vinnuna en geta þurft smá stund til að ná jafnvægi. Jafnvel þó ég þeir séu þreyttir bæði andlega og líkamlega jafna þeir sig fljót og hafa orku fyrir heimili og börn. Erfiðasti tíminn er haustið þá reynir meira á bæði andlega og líkamlega.

#### Stjórnendur

Starfsmenn upplifa að þeir komi aldrei að lokuðum dyrum hjá stjórnendum og eigi í góðum samskiptum við þá og allir fá tækifæri til að blómstra. Þeim finnst einnig gott að stjórnendur taki kaffi með starfsmönnum og það ríkir ekki stéttarskipting í skólanum, samskipti sem sagt mjög góð.

#### Verkefni og ábyrgð

Nokkrir eru tilbúnir fyrir meiri ábyrgð en flestir eru sáttir við þá ábyrgð og verkefni sem þeir sinna. Mikil og góð samvinna, hjálpsemi og skemmtileg verkefni hafa áhrif á hvernig tekst til með að leysa þau. Allir starfsmenn fá hvatningu og góða leiðsögn. Þeim starfsmönnum sem eru í námi finnst þeir hafi elfst í starfi. Vel er tekið í hugmyndir að verkefnum og eru deildarstjórar duglegir að deila verkefnum og virkja áhugsvið starfsmanna. Starfsmönnum finnst þeir fá hvatningu til ábyrgðar, að þeir tilheyri og þeir „sjáist „sem er svo mikilvægt.

Helstu styrkleikar starfsmannahópsins eru; dugnaður, góð aðlögunar- og skipulagshæfni, skapandi í hugsun, góðir hlustendur, fagmennska, lausnamiðaðir og gleðin er ríkjandi.



## 6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðslu áætlun skólaárið 2026- 2027 er unnin út frá óskum starfsmanna og umbótaráætlun leikskólans.

Á fyrsta starfsdegi í september fáum við fræðslu frá MML um tvítyngd börn og læsi. Fjórir starfsmenn einn frá hverri deild fara á námskeið í Stafrænni umbreytingu sem er einn af umbótaþáttum leikskólans. Þeir miðla síðan þekkingu til annarra á deilunum. Við höfum unnið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna undanfarin ár og ætlum við að kynna okkur betur Réttindaskóla UNISEF, með fræðslu frá þeim á starfsdegi. Næsta vor er fyrirhuguð námsferð út fyrir landsteinana og breikka þekkingu á starfsháttum leikskóla. Starfsmenn velja sér eitt námskeið á skólaárinu út frá áhugsviði og stöðu innan skólans eins og fræðslu tengda fjölmenningu, menningarnæmni og auka íslenskufærni starfsfólks.

## 7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna við Álftamýrarskóla er orðin fastur liður í starfi skólans. Við gerð starfsáætlunar vetrarins milli skólastiga var notast við áætlun síðasta árs. Heimsóknirnar byrjuðu í október. Þá fengu börnin að skoða allan skólann í fylgd aðstoðarskólustjóra og taka þátt í íþróttatíma með 1. bekk. Á degi íslenskrar tungu komu nemendur úr 5. bekk í leikskólann og lásu fyrir börnin. Þetta er árleg hefð og hefur reynst vel. Á aðventunni var leikskólabörnunum boðið á aðventuhátíð í Álftamýrarskóla þar sem þau fengu grillaðar pylsur, heitt kakó og smákökur. Nemendur 1. bekkjar komu svo í leikskólann og skiptust börnin á jólakortum, sungu saman og síðan var boðið upp á mandarínur. Börnin áttu að fara í val með 1. bekk í febrúar en því var aflýst vegna veikinda kennara í grunnskólanum. Í apríl fóru þau í hádegismat í Álftamýrarskóla. Elstu börnin fóru í hreyfistundir hjá Víkingi einu sinni í viku í allan vetur. Þá tók þjálfarinn frá þeim á móti börnunum og skipulagði stundirnar. Þess má einnig geta að Víkingur lánar okkur hátíðarsalinn á ári hverju þegar útskrift er hjá elstu börnum okkar. Deildirnar fara á útisvæði Álftabæjar í leik og útikennslu.





Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
<b>11. Nóvember kl. 10</b>	1. Heimsókn	Álftamýrarskóli	Aðst.skólastjóri
<b>16. Nóvember kl. 9</b>	5. bekkur les fyrir börnin, allar deildir	Álftaborg	Deildarstjórar
<b>3. Desember kl 9:50</b>	Aðventuhátíð	Álftamýrarskóli	Aðst.skólastjóri
<b>10. Desember kl 9.50</b>	1. bekkur heimsókn	Álftaborg	Deildarstjóri
<b>29. Janúar 2027 kl 12.30</b>	Val með 1. bekk	Álftamýrarskóli	Kennarar
<b>19. Mars kl. 9</b>	Heimsókn	Álftamýrarskóli	Verkefnastjóri
<b>21. Maí kl. 11.30</b>	Börnin í mat	Álftamýrarskóli	Deildarstjóri
<b>Miðvikudagar kl. 10</b>	Elstu börn í hreyfistundir	Íþróttafélagið Víkingur	Þjálfari frá þeim
<b>3. júní kl. 17</b>	Útskrift	Hátíðarsalur Víkings	Starfsfólk Hlíðarhvamms

## 7. Foreldrasamstarf

### 7.1 Foreldraráð

Þrír fulltrúar eru í foreldraráði, tveir fulltrúar frá síðasta skólaári og einn fulltrúi til viðbótar kom í haust. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá til umsagnar. Ráðið kemur líka



að ákvarðanatöku um sumarlokun og að fagstarfi leikskólans. Þeir foreldrar sem sátu í foreldraráði á síðasta ári gáfu nýju skólanámskránni okkar umsögn sem og sitjandi foreldráð.

## 7.2 Foreldrafélag

Sex foreldrar sitja í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsfólks. Stjórnin sér um ýmsar uppákomur, eins og sumarhátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru fimm til sex á ári.

Foreldrafundur var í október inni á deildum. Leik- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á milli deilda og kynntu áherslur leikskólans. Síðan kynnti starfsfólk deilda vetrarstarfið og foreldrum var gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið og annað sem þeim lá á hjarta.

Á hverju ári eru í boði tvö foreldrasamtöl, annars vegar í október, sem er valfrjálst og hins vegar í febrúar/mars. Í samtölunum er farið yfir alhliða þroska og líðan barnsins. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtál áður en vistun hefst í maí/júní. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.

Í haust var kaffihúshittingur með foreldrum og var mæting góð. Á fundinum var kynning á þróunarverkefninu “Leikur, nám og gleði.” Foreldrar fengu tækifæri til að spyrja spurninga og koma með hugmyndir m.a um tengingu við heimilið og að kveikjum. Ákveðið var að vinna með Dýrin í Hálsaskógi. Hugmyndir foreldra að kveikjum voru eftirfarandi: Baka/skreyta piparkökur, hlusta á tónlistina. Búa til reglur – öll dýrin í skóginum. Tala um ólík störf. Mismunandi sögur karakteranna. Hjálpa þeim að leika saman í stærri hópum.

Hugmyndir að tengingu við heimilið voru eftirfarandi: fá upplýsingar og myndir um framvindu í tölvupósti. Einnig kom hugmynd um að kynna leikritið á bæði á ensku og íslensku sem var svo gert. Foreldrar voru hvattir til að horfa á leikritið og hlusta á lögin með börnunum.

## 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru; 30. september 2026, 10. nóvember 2026, 25. janúar 2027 með Álftamýrarskóla og 10. Maí 2027. Námsferð er fyrirhuguð utanlands og eru því tveir dagar ekki komnir inn á skóladagatalið en verða ákveðnir í ágúst 2026.

## 9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Verkefnið Leikur, nám og gleði miðar að því að efla leik sem meginnámsleið barna í fjórum leikskólum:	Verkefnið verður unnið í samstarfi við SFS og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.	Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs.



Dvergasteinn, Gullborg, Álftaborg og Ægisborg. Verkefnið verður unnið í samstarfi við SFS og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins veturinn 2025 – 2026 er að auka fjölbreytni í starfsháttum fjögurra leikskóla með því að efla leikinn sem námsleið.

Markmið verkefnisins felst í áherslu á mikilvægi leiksins sem meginnámsleið barna, með áherslu á hlutverk, stuðning, ígrundun kennara og annars starfsfólks. Námsumhverfi sem styður við leik og að börnin hafi tækifæri til að læra hvert af öðru. Tilgangurinn er að ígrunda og skerpa á hlutverki kennara í leikheimi barnanna, með hliðsjón af þátttöku kennara og skipulagningu leikumhverfis, þannig að börnin fái þróað og auðgað hugmyndir sínar og leik.





## 10. Fylgiskjöl:



### 10.1 Innra mat Seljaland 2025-2026

#### Styrkleikar

#### Barnasáttmála (Lýðræði og mannréttindi)

Unnið hefur verið með Barnasáttmálann með það að markmiði að börn þekki réttindi sín og verði meðvituð um þau. Byggt var á fyrra starfi deildarinnar og lögð áhersla á greinar 12, 13 og 14 í daglegu starfi, ásamt því að dýpka skilning á greinum 2, 3, 24, 26 og 27 í hópastarfi. Börnin hafa fengið aukið tækifæri til þátttöku í ákvarðanatöku, til dæmis við val á sögum og skipulagi dagsins, sem styður við að þau læri að nota eigin rödd og hafi áhrif.

Börn eru duglegri að tjá skoðanir sínar eftir þessa vinnu og hafa meiri áhuga á réttindum sínum. Vinnan er í stöðugri þróun og er lærdómsferli fyrir bæði börn og starfsfólk.

Við fléttum vinnu með Barnasáttmálanum og Blæ-verkefninu saman við þær dygðir sem við höfðum valið fyrir þetta skólaár; samkennd, ábyrgð, virðing og vinsemd. Með þessum hætti dýpkum við skilning barnanna og gerum þau meðvituð um umhverfi sitt.

#### Hamingja barnanna

Unnið hefur verið með að auka hamingja barnanna í leikskólaumhverfinu og umgjörð til að auka vellíðan, með áherslu á jákvæð samskipti, virka hlustun og að styðja börn í að skilja og tjá



tilfinningar sínar. Markmiðið er að börnum líði vel í leikskólanum og upplifi að þau geti tjáð sig, ásamt því að efla góð samskipti milli þeirra, foreldra og starfsfólks. Börnum líður betur og starfsfólki þegar svæðin eru vel nýtt og aðstæður til leiks eru góðar. Verkefni eins og Hamingjudagurinn í mars heppnaðist vel og vakti gleði hjá börnunum. Hamingjudagurinn hefur fests í sessi í leikskólanum.

### Læsi og lesskilningur

Unnið hefur verið markvisst með læsi og lesskilning með fjölbreyttum, leik- og þáttökumiðuðum aðferðum þar sem áhersla er lögð á máhljóð, sögur og virka þáttöku barnanna. Notast hefur verið við Lubba-verkefnið, útikennslu, bingó, spil, söng og samverustundir þar sem börnin fá tækifæri til að þekkja og mynda máhljóð og tengja þau við myndir og hluti. Reynsla okkar bendir til þess að þessar aðferðir styðji við að börnin nái betri tökum á grunnatriðum máhljóða, efli minni, styrki tengslamyndun og auki virkni þeirra í sögusköpun og leik. Sögustundir og reglulegar ferðir á bókasafn styðja jafnframt við félagsfærni, einbeitingu og hreyfi þroska. Í sögustundum hefur verið unnið með brúðuleikhús og loðtöflusögur sem gera sögurnar sjónrænar og hvetja börnin til virkrar þáttöku í sköpun þeirra. Bók vetrarins (Einar Áskell, skólaárið 2025–2026) fór heim með börnum og reglulegar bókasafnsferðir efla áhuga þeirra á lestri, hlustun og vali á bókum.

Börn fædd 2021–2022 fá jafnframt bækur um Börnin í Kátu götu sendar heim. Verkefnið er stutt með reglulegum lestri þessara sagna í samverustundum og með þáttöku „innipúkans“, sem er lítil dúkka sem deildin nýtir í starfi.

### Sköpun

Við mættum börnunum þar sem þau voru stödd, gáfum þeim tækifæri til að koma með sínar hugmyndir og þróa þær. Kennarar og starfsfólk hvöttu þau áfram og ýttu undir sjálfstæði þeirra. Áherslan var á sköpunarferlið og hvað þau læri af ferlinu frekar en útkomunni. Við notuðum fjölbreyttan efnivið í vinnu með menningu ólíkra landa, svo sem málningu, holukubba og annan tiltækan efnivið. Sem dæmi vorum við með myndir af byggingum frá því landi sem unnið var með, fræddum börnin um þær og síðan völdu þau hvaða byggingu þau vildu vinna með og búa til sína eigin útgáfu með holukubbum.

### Tækifæri til umbóta

Barnasáttmáli: Lögð verður áhersla á markvissari vinnu, áframhaldandi umræður um réttindi barna, kynningu á Unicef og aukinn stuðning með myndrænu efni. Lubbi/læsi: Lögð verður áhersla á fjölbreyttari verkefni og að efla skapandi leik. Stefnt að því að auka útikennslu og hreyfi verkefni tengd máhljóðum eins og leikrit, efla tengingu við myndlist, rím og stafrófssöng, og vinna markvissar með máhljóð vikunnar. Einnig er lagt til að efla þemavinnu í kringum lestur, nýta betur brúðu- og skuggaleikhús, hafa meira aðgengi að loðtöflusögum og styðja börn í að búa til eigin sögur. Þá verður jafnframt lögð áhersla á fræðslu um umferð og áframhaldandi þjálfun í vettvangsferðum.





## 10.2 Innra mat Hlíðarhvammur 2025-2026

### Sköpun:

#### Styrkleikar

Sköpun var fastur liður í starfinu allan veturinn og reyndum við að leita fjölbreyttra leiða og nota ólíkan efniviði. Sköpun fólst meðal annars í myndlist, sagnagerð, ljóðagerð, hreyfistundum, frjálsum leikjum, bakstri, útiveru, tilraunum og fleira. Frístandandi „sköpunar borð“ hafa verið mikið notuð og bjóða upp á nýja nálgun á sköpun og gefa börnunum færi á að leika og skapa með opnum efnivið. Í tengslum við þemaverkefni vetrarins „trölla-þema“ erum við með háleit markmið og ætlum við á fullt núna á vor mánuðum með margvíslega sköpun.

Börnin hafa verið sérlega skapandi allan veturinn, náð að búa til leiki og sögusvið úr litlum efnivið, haft frjálst aðgengi að blöðum litum, skærum og fleiru og haft mikinn áhuga á allskonar kubbum (segul, dublo, lego og plusplus) þar sem sköpunargleðin og hugmyndaflugið hefur ráðið ríkjum. Ótrúlegur söng, dans og leiklistarhópur hjá okkur þetta árið.

Starfsmenn deildarinnar hafa allir tekið virkan þátt í sköpuninni og því hafa verkefni og viðfangsefni verið fjölbreytt og skemmtileg. Sköpunarferlinu hefur verið gefið meira vægi og gert jafn hátt undir höfði eins og útkomunni.

#### Barnasáttmálinn (Lýðræði):

Bæði leikskólinn og deildin okkar vinna út frá dygðum sem eru að einhverju leiti byggð á Barnasáttmálanum. Við höldum áfram með þá vinnu sem byrjuð var á seinasta skólaári varðandi barnasáttmálann og byggðum ofan á þekkingu barnanna. Við ákváðum að vinna aðallega út frá réttindum 2, 3, 6 og 12 (einnig 13, 14, 24, 26 og 27) sem eru megin þættir sáttmálans og voru einnig plaggöt tengd sáttmálanum sýnileg á deildinni sem sköpuðu oft umræður.

Lýðræði hefur verið stór partur af vinnu deildarinnar og taka börnin fullan þátt í skipulaginu. Raddir barnanna fá að njóta sýna og reyna kennarar að vinna út frá þeirra hugmyndum. Einnig höfum við verið með kosningar á deildinni og vita börnin alveg hvernig lýðræðislegar kosningar fara fram og að meiri hlutinn ræður. Börnin eru dugleg að koma með hugmyndir að starfi fyrir deildina, hvernig hægt sé að útfæra hlutina og hvernig þau geta haft áhrif á starfið.

Börnin velja sjálf þær bækur sem eru lesnar og koma sér saman um ýmsa þætti með lýðræðislegum kosningum. Einnig kemur bangsinn Blær inn á barnasáttmálann og ýmis mikilvæg gildi.



Ný nálgun á fjölmenningu þetta árið bauð upp á fjölbreytt tækifæri til þess að ræða um ólíka heima og réttindi okkar allra.

### Læsi:

Læsi hefur alltaf verið stór partur af vinnu deildarinnar og var árið í ár ekki undantekning. Fastir liðir í hópastarfi líkt og Lubbi, sögugerð, ljóðagerð og frásagnir úr ferðum hefur allt verið á sínum stað.

Börnin hafa náð góðum tókum á stöfum/hljóðum sem kemur mikið fram í frjálsum leik jafnt sem hópastarfi.

Lestur og bókasafnsheimsóknir eru á sínum stað og merkingar á deild. Börnin hafa sýnt lestri mikinn áhuga og vilja fá að heyra langar bækur og jafnvel framhaldsbækur.

Unnið er með tilfinningarläsi og tengjum við það við bangsann Blæ, en það hefur ekki verið eins markviss nálgun og lagt var upp með.

Um elstu börn er að ræða og náinn hóp sem hefur lært vel inn á hvort annað og starfsmenn.

### **Tækifæri til umbóta**

Barnasáttmálinn er sá þáttur sem við viljum halda áfram að vinna með næsta vetur og munum við byggja ofan á þá þekkingu sem nú þegar er til staðar hjá þeim börnum sem koma á deildina. Hugmyndir::

- ◆ Tengja bangsann Blæ enn frekar við sáttmálann.
- ◆ Halda áfram að leita nýrra leiða til þess að kynna sáttmálann fyrir börnunum á einfaldan hátt sem getur skapað góðar umræður, gegnum myndbönd, fræðsla og heimsóknir.
- ◆ Auka samstarf með öðrum deildum eða jafnvel læra af öðrum skólum.





### 10.3 Innra mat Merkisteinn 2025-2026

#### Styrkleikar

**Málörvun:** Læsi í ólíkum myndum fléttast inn í allt starfið – þar má nefna tilfinningalæsi og leiklæsi. Við höfum unnið mikið með tilfinningalæsi í starfinu. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum að segja stopp ef gengið er á rétt þeirra. Einnig leggjum við áherslu á að börnin læri að virða það þegar sagt er stopp við þau. Við lesum bækur um tilfinningar og ræðum um tilfinningar við börnin, hvetjum þau til að setja orð á eigin líðan og annarra.

Í vetur höfum við unnið markvisst með *Lubbi finnur málbein*. Við höfum byggt ofan á fyrri þekkingu barnanna með því að vinna með máhljóðin eftir hljóðaklettunum. Einnig hefur Lubbi farið heim með öllum börnunum sem hafa sagt frá fjölskyldunni sinni og uppátækjum í helgarfríi.

Lestrarstundir eru reglulegar með börnunum og við ræðum um merkingu orða og söguþráð bókanna sem verið er að lesa. Aðra hverja viku heimsækja börnin bókasafnið í Kringlunni þar sem þau hlusta á upplestur. Þar gefst tækifæri til að fá leigðar bækur sem fjalla um málefni eins og vináttu eða ágreining. Málörvun fléttast inn í allt starf leikskólans. Við setjum orð á athafnir og hluti í fataklefa, hópastarfi, í frjálsum leik, matartíma og fleira mætti telja.

Í vetur og vor höfum við unnið með ljóða- og sögugerð með börnunum. Börnin eru farin að átta sig á uppbyggingu í sagnagerð þar sem allar sögur hafa upphaf, miðju og endi. Börnin hafa komið fram eitt í einu og búið til sögu þar sem þau teikna og semja sögu á staðnum á meðan hópurinn situr og hlustar á frásögnina. Einnig hafa börnin unnið að sögugerð í litlum hópum með aðstoð mynda. Ljóðagerð er sjálfsprottin vinna þegar andinn kemur yfir börnin. Í öllu þessu ferli eru skráningar mjög mikilvægur þáttur. Auk þess sem skráningarnar gera verk



barnanna sýnilegri, eru þær til þess fallnar að senda börnunum þau skilaboð að það sem þau gera og segja skipti máli. Við sjáum sýnilegan mun á frásagnarhæfni barnanna og þannig getum við metið árangur vinnunnar. Í upphafi þurftu börnin talsverða leiðsögn við sögugerð en nú segja börnin sjálf sögur í samveru. Börnin sækja í að koma fram og segja sögur og sjálfsöryggið virðist hafa aukist mikið í vinnunni. Að sjálfsögðu eru börnin þó komin mislangt, enda fjölbreyttur hópur með ólíkan menningarbakgrunn og móðurmál.

## 10.4 Innra mat Lækjarhvammur 2025-2026

### Sköpun

#### Styrkleikar :

Við höfum boðið börnunum upp á margvíslegan efnivið. Við höfum málað með penslum, svamprúllum. Málað á efni, bómullarpoka, pappír, pappadiska, trjágreinar, laufblöð, snjó og útskorið tré. Börnin hafa búið til gítara úr pappakössum ásamt leikmynd og ský. Börnin hafa æft sig að klippa og líma. Vinsælustu kubbarnar eru segulkubbarnar, en við höfum verið mikið með ólíka kubba, svo sem trékubba, stóra, litla og risastóra lego kubba, burstakubba, plúskubba og fleira. Nýlega fengum við svo mjúka segulkubba sem hafa fengið góðar viðtökur. Börnin hafa raðað upp stólunum nokkrum sinnum og farið í strætóleik að eigin frumkvæði.

Við höfum unnið með leir, bæði keyptan og heimatilbúinn. Við höfum nokkuð oft límt blaðrúllu á gólfið og börnunum hafa teiknað bæði með trélitum og tússlitum. Við erum að vinna skapandi verkefni sem kallast „Frá náttúru og heimili til listsköpunar“ í samstarfi við foreldra. Foreldrar og börn koma með verðlausan efnivið að heiman sem við söfnum saman og börnin ráða hvað þau vilja búa til úr efninu. Á opna húsinu í maí verður svo hægt að sjá útkomuna.

Jólagjafirnar: hvert barn fékk góðan tíma til að mála sína tösku. Börnin völdu liti og verkfæri, pensla, stimpla og svamprúllur. Barnið fékk að stjórna og voru teknar myndir, skráð hvað barnið sagði og gerði og skráning um ferlið sett í ferilmöppu hvers barns. Við settum upp myndir fyrir framan deildina af sköpuninni yfir veturinn, svo börn og foreldrar geti skoðað saman. Við sáum á ömmu- og afakaffinu hvað börnin voru stolt að sýna myndir af sér að vinna ýmis verkefni.

### Tækifæri tilumbóta

Börnin hafa alltaf gaman af sköpuninni og er gott að vera í rólegheitum, litlum hópum, gefa þeim meiri tíma og vera með færri verkefni. Það tengist líka yfir á allt annað starf leikskólans.



## Læsi

### Styrkleikar

Við vinnum með „Lubbi finnur málbein“. Við byrjum á grunninum þar sem við erum með yngstu börnin. Börnin læra fyrsta máhljóð í nafninu sínu og síðan koma máhljóðin í hljóðaklettum Lubba, þrep af þrepi. Við erum með lestrarstundir, söngstundir og börnin læra lagatexta. Við hvetjum börnin til að nota orðin sín, tjá tilfinningar og skoðanir sínar og tala saman í leiknum. Flest börnin hafa lært sitt máhljóð og eru áhugasöm. Starfsmenn hafa farið á fjölbreytt námskeið hjá Miðju máls og læsis, sem hefur nýst okkur vel.

Þar var t.d. fræðsla um bókina „Orð eru ævintýri“ og við höfum notað hana og orða- og myndaspjöldin sem fylgja með. Við hengdum upp í fataklefanum stór myndaspjöld og börnin hafa verið dugleg að skoða myndirnar og spjalla saman um það sem er á myndunum. Við eflum samband við foreldra með „Bókin heim“. Við veljum eina bók á haustin sem hvert barn fær heim í eina viku. Með fylgir stílabók þar sem foreldrar skrá skemmtileg atvik og samræður sem tengjast sögunni. Elstu börnin fara í bókasafnsheimsókn hálfsmánaðarlega, hlusta á sögulestur og þar fáum við bækur að láni sem mikið eru lesnar á deildinni.

### Tækifæri til umbóta

Mörg barnanna eru tvítyngd og þurfa því meiri tíma og minni hópa. Við viljum vera með sýnilegri málörvun og myndir á töluðu máli.



Við stefndum að því að vera með “Bókabarn – bók að heiman” en það gekk ekki eftir. Ætlum að koma þessu verkefni á laggirnar í haust.



## 10.5 Umbótaáætlun 2026-2027 árgangur 2021

Næsta skólaár, 2026 - 2027, verða á deildinni börn í elsta aldurshóp, börn fædd árið 2021. Næsta skólaár munum við halda áfram að vinna með þætti sem eru okkur kunnugir en þeir eru:

- Farsæld og inngilding (Barnasáttmálinn), sérstaklega greinar 12 og 29
- Læsi

Í töflunni hér á eftir hafa þessir þættir verið settir fram, hvernig vinna eigi með þá, hvernig þeir verða metnir og hver viðmið okkar um árangur eru.

Deild/aldur barna	Hlíðarhvammur / 5 – 6 ára
<b>Umbótapáttur</b>	Farsæld og inngilding (Barnasáttmálinn)
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Byggja ofan á þá vinnu sem byrjað var á síðustu skólaárum og fara dýpra í einstaka markmið barnasáttmálans og tengja hann við inngildingu. Gefa vinnunni tengda barnasáttmálanum meira rými, t.d. í hópastarfi, og leita nýrra leiða til þess að ná til barnanna og fanga áhuga þeirra. Ná að tengja þætti sáttmálans við okkar daglega líf og skapa umræður.



<b>Aðgerðir til umbóta</b>	<p>Efla fræðslu fyrir starfsfólk og veita því þjálfun. Einnig auka fræðslu tengda fjölmenningu, menningarnæmni og auka íslenskufærni starfsfólks.</p> <p>Nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir líkt og bækur, sköpun, myndbönd og vettvangsferðir í kennslu til þess að ná til sem flestra og auka áhuga barnanna. Læra af öðrum (deildum/skólum/leikskólum) hvernig vinna má með barnasáttmálann.</p> <p>Fara yfir þætti frá seinasta skólaári sem betur mættu fara eða náðust ekki. Í tengslum við farsæld barna er sérstaklega lögð áhersla á markmið 12 og 29.</p> <p>Við tökum þó einnig fyrir 2, 3, 6, 13, 14, 24 og 26 líkt og áður, en bætum inn fleiri markmiðum eftir áhuga og verkefnum barnanna.</p>
<b>Ábyrgð</b>	Allt skólaárið 2026 – 2027.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Deildastjórar og allir starfsmenn deildarinnar.
<b>Hvernig á að meta?</b>	Matið verður gert með skráningum yfir veturinn og samtölum við börnin. Einnig verður framvindan rædd á deildarfundum.
<b>Viðmið um árangur</b>	Að börnin hafi skilning á hlutverki barnasáttmálans og taki virkan þátt í umræðu og vinnu í tengslum við hann. Læri að segja sína skoðun og hugmyndir á sama tíma og þau virða skoðanir annarra.
<b>Deild/aldur barna</b>	Hlíðarhvamur / 5 – 6 ára
<b>Umbótaþáttur</b>	Læsi í víðum skilningi
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Nota Lubba til þess að byggja ofan á og styrkja þá kunnáttu sem nú þegar er til staðar og fara yfir í að tengja saman hljóð, tengja hljóð og stafi og byggja þannig sterkan grunn að lestrarnámi. Nýta ólík svæði og útinám til þess að gera námið fjölbreyttara og spennandi. Eins tengja Lubba við daglegt starf deildarinnar og frjálsan leik. Leggja áherslu á tilfinningalæsi og tengja þar með bangsann Blæ, Lubba og Barnasáttmálann saman. Samstarf með Álftamýrarskóla með K pals lestraraðferð.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Festa Lubba enn frekar í sessi í vikulegu starfi deildarinnar líkt og hefur verið. Virkja alla starfsmenn til þess að taka þátt og vera opna fyrir hugmyndum og



	tækifærum til þess að ýta undir læsi. Temja okkur fjölbreytt og gott íslenskt mál. Ræða saman um hlutina, útskýra og rökræða.
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjórar og allir starfsmenn deildarinnar.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Allt skólaárið 2026 – 2027.
<b>Hvernig á að meta.</b>	Matið verður gert með skráningum yfir veturinn og samtölum við börnin. Einnig verður framvindan rædd á deildarfundum. Fylgst verður með framförum barnanna, fyllt út í hæfniramma, hljóm-próf tekið á börnunum og staðan tekin reglulega. Einnig verður farið eftir áhuga barnanna og fylgst með því á hvaða sviðum hann er í sambandi við lestur, bækur, lög, söng, vísur, talanda og fleira. Kennarar fylgjast vel með þróun tilinningalæsis í gegnum skráningar yfir árið.
<b>Viðmið um árangur</b>	Að börnin hafi góðan og sterkan grunn fyrir skólaár og lestrarnám. Að allir þekki stafina í stafrófinu og þau hljóð sem þeim fylgja. Að byrjað sé að myndast tenging milli hljóða og stafa. Varðandi tilfinningalæsi þá vonumst við eftir því að börnin geti tjáð tilfinningar sínar og borið virðingu fyrir og hafi skilning á tilfinningum annarra.



## 10.6 Umbótaáætlun árgangur 2022

<b>Umbótapáttur</b>	Farsæld og inngilding (Barnasáttmálinn, grein 2,3, 8, 12, 13, 24 og 27).
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Byggja ofan á þá vinnu sem unnin var síðasta skólaár og fara dýpra í einstök markmið Barnasáttmálans og tengja hann við inngildinguna. Gefa vinnunni tengda Barnasáttmálanum meira rými, t.d. í hópastarfi, og leita nýrra leiða til þess að ná til barnanna og fanga áhuga þeirra. Ná að tengja þætti sáttmálans við okkar daglega líf og skapa umræður.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Allt starfsfólk kynni sér Barnasáttmálann og þá sérstaklega greinar 2, 3, 8, 12, 13, 24, 27. Leggja áherslu á að öll börn hafi frelsi til að segja skoðanir sínar, deila hugmyndum sínum og að þau hafi jöfn tækifæri.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjórar og allt starfsfólk deilda
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok</b>	Allt skólaárið 2026 fram á vor 2027
<b>Hvernig á að meta)</b>	Endurmeta starfið á skipulagsdögum og á deildarfundum. Halda reglulega fundi með börnunum til að fá skoðanir þeirra og heyra hvað þau hafa lært um Barnasáttmálann.
<b>Viðmið um árangur</b>	Vinna hugarkort með börnunum til að kanna vitneskju þeirra og skilning. Fyrir áramót spyrjum við börnin og vinnum hugarkort og eftir áramót vinnum við að sama hugarkortinu en notum nýjan lit til að meta árangur og hvort vitneskja hafi aukist og skilningur barnanna á Barnasáttmálanum dýpkað.

Deild/aldur barna	
<b>Umbótapáttur</b>	Læsi í víðum skilningi.
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Að efla börnin í læsi í víðum skilningi. Þar má nefna rím og þulur, Lubbi finnur málbein og skapandi skrif. Einnig að vinna með tilfinningalæsi og leiklæsi.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Klappa atkvæði í orðum og nöfnum, læra þulur og vísur í samverustundum og æfa rím. Einnig vinna með Lubbi



	finnur málbein og tengja námsefnið við útinám. Vinna með Blæ til að efla tilfinninga-og leiklæsi.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok</b>	Skólaárið 2026-vor 2027
<b>Hvernig á að meta</b>	Halda reglulega deildarfundi og ræða framvinduna. Vinna með skráningar af og til yfir veturinn til að meta skilning barnanna. Viðhafa virka hlustun til að fylgjast með hvort börnin hafi náð tókum á málhjóðum og rími.
<b>Viðmið um árangur</b>	Að börnin skynji tengingu milli hljóða og stafa. Starfsfólk hlusti og meti árangur barnanna og viðhafi virkar samræður sín á milli áður en byggt er ofan á vinnuna.

## 10.7 Umbótaáætlum árgangur 2023

<b>Umbótapáttur/matspáttur</b>	Farsæld barna – inngilding Barnasáttmálinn
<b>Tækifæri til umbóta</b>	<u>Áhersla á sjálföryggi barna, tilfinningalega vellíðan, og samskipti. Vinna með greinar 12. og 29. í barnasáttmálanum.</u> Öll börn upplifa að þau tilheyri og séu virt fyrir það sem þau eru og líði vel með sinn bakgrunn. Börnin öðlist aukið sjálfstæði. Börnin hafi rödd og geti haft áhrif á það sem gerist yfir daginn.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Eflum sjálfsöryggi með hvatningu og jákvæðni og hrósum fyrir jákvæða hegðun og það sem vel er gert. Gefum börnunum tækifæri til að koma fram að t.d. syngja fyrir aðra. Hjálpa börnum að tjá sig. Vera til staðar fyrir þau. Sköpum dagleg tækifæri fyrir börnin að taka ákvarðanir að þau finni að þau séu þátttakendur í starfinu. Öll börn eru stjarna vikunnar, þjónar,



	veðurfræðingar, kynna sitt land og bakgrunn. Þau velja viðfangsefni, leikefni og bækur sem við lesum.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2026 Vor 2027
<b>Hvernig á að meta?</b>	Nýta umræður í litlum hópum til að hlusta á hugmyndir barnanna.
<b>Viðmið um árangur</b>	Börnin taki þátt í leik og starfi. Þau sýni hvert öðru virðingu og áhuga. Börnin tali jákvætt um sjálf sig og bakgrunn sinn. Börnin sýni öryggi og vellíðan í hópnum.
<b>Deild/aldur barna 2023</b>	<b>Lækjarhvammur</b>
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Læsi
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Við höldum áfram að vinna með “Lubbi finnur málbein”. Börnin hafa lært fyrsta máhljóðið í nafninu sínu og við byggjum ofan á þá þekkingu með hljóðaklettana til hliðsjónar. Við erum með lestrarstundir, söngstundir og börnin læra lagatexta. Bókabarn - bók að heiman. Börnin velji bók heima sem þau koma með og við lesum/skoðum saman í skólanum.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Við höfum Lubbastundir einu sinni í viku þar sem við tökum máhljóðin fyrir. Lesum bækur, höfum söngstundir á hverjum degi og hvetjum börnin til að nota orðin sín. Hafa málörvun í minni hópum, eftir getu barna.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2026 Vor 2027
<b>Hvernig á að meta?</b>	Spurningar til barnanna
<b>Viðmið um árangur</b>	Að börnin þekki sitt máhljóð og séu farin að tengja máhljóðin við það sem er í umhverfinu. Að börnin geti tjáð skoðanir sínar og tilfinningar.



## 9.8 Umbótaáætlun árgangur 2024

Umbótaáætlun	
<b>Umbótapáttur/matspáttur</b>	Farsæld barna – inngilding Barnasáttmálinn
<b>Tækifæri til umbóta</b>	<u>Áhersla lögð á sjálföryggi barna, tilfinningalega vellíðan, og samskipti. Vinna með greinar 12. og 29. í barnasáttmálanum</u>  Viljum að börnin upplifi að þau tilheyri og séu virt fyrir það sem þau eru og þeim líði vel með sinn bakgrunn. Börnin öðlist aukið sjálfstæði. Börnin hafi rödd og geti haft áhrif á það sem gerist yfir daginn.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Eflum sjálföryggi með hvatningu, jákvæðni og hrósum. Sköpum dagleg tækifæri fyrir þau að taka ákvarðanir að þau finni að þau séu þátttakendur í starfinu. Öll börn eru stjarna vikunnar, þjónar, veðurfræðingar, kynna sitt land og bakgrunn. Þau velji viðfangsefni og leikefni og bækur sem við lesum.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2026 Vor 2027
<b>Hvernig á að meta?</b>	Nýta umræður í litlum hópum til að hlusta á hugmyndir barnanna.



<b>Viðmið um árangur</b>	Börnin taki þátt í leik og starfi . Þau sýni hvert öðru virðingu og áhuga. Börnin tali jákvætt um sjálf sig og bakgrunn sinn. Börnin sýni öryggi og vellíðan í hópnum.
--------------------------	--

Deild/aldur barna 2024	Lækjarhvammur
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	Læsi
<b>Tækifæri til umbóta</b>	Við byrjum á grunninum með “Lubbi finnur málbein” því við erum með yngstu börnin. Börnin læri fyrsta máhljóðið í nafninu sínu og læri lög og vísur.
<b>Aðgerðir til umbóta</b>	Höfum Lubba-stundir einu sinni í viku þar sem við tökum eitt máhljóð fyrir í einu. Lesum bækur og höfum söngstundir á hverjum degi. Hvetjum börnin til að nota orðin sín. “Bókabarn bók að heiman.” Börnin velji bók heima sem þau koma með og við lesum/skoðum saman í skólanum. Minni hópa með tvítyngdum í málörvun, með snertanlega hluti og myndir með töluðu máli.
<b>Ábyrgð</b>	Allir starfsmenn
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haust 2026 Vor 2027
<b>Hvernig á að meta?</b>	Spurningar til barnanna um máhljóðið þeirra. Skráningar á framförum tvítyngdra barna í byrjun skólaársins og í lok.
<b>Viðmið um árangur</b>	Að börnin þekki fyrsta máhljóð í nafninu sínu og læri vísur. Að tvítyngd börn hafi aukið orðaforða sinn.



F. h. leikskólans

Anna H Ágústsdóttir  
Leikskólastjóri

Dagsetning  
20.maí 2026



## 9.9 Umsögn foreldraráðs

### Starfsáætlun 2026 – 2027 Álftaborg

### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Fanný Ragna Gröndal  
Stefán Snær Stefánsson



## Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

**Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?** Að okkar mati er gott samræmi og flæði milli helstu varða leikskólans, þ.e. sú áætlun sem hér er til skoðunar, skólanámskrá, kynningar til foreldra og öll þau umbóta- og þróunarverkefni sem skólinn vinnur að. Stjórnendum og öðru starfsfólki hefur tekist vel til með að halda í fasta liði í starfi skólans en á sama tíma skoða nýja þætti og prófa sig áfram með fjölbreytt viðfangsefni. Að mati foreldraráðs er þetta einkenni á sterku og góðu skólahaldi. Þá er einnig gott að sjá að starfsfólk hafi trú á að þróunarverkefnið muni þetta deildirnar enn betur saman.

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?** Kaflaskiptingin er skýr og efni áætlunarinnar sömuleiðis. Það gæti reynst vel fyrir skólastjórnendum að draga saman eða smætta helstu atriði áætlunarinnar á einblöðung til að auðvelda foreldrum verkið og auka þannig bæði þátttöku þeirra og áhuga. Hægt er að gera slíkt í textaformi á Word skjali eða í slæðuformi með PowerPoint eða Canvas.

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?** Líkt og fram hefur komið í umsögn ráðsins við skólanámskrá frá því í janúar á þessu ári er áætlunin skýr, vel uppsett og í samræmi við það starf sem fer fram í skólanum. Þeir foreldrar sem eiga börn í leikskólanum eða hafa áður verið með barn þekkja meginsteifið í starfinu en áætlunin, skólanámskrá og foreldrakynningar í upphafi skólaárs duga vel til að fræða og upplýsa nýja foreldra í skólanum.

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?** Sama athugasemd og við skólanámskrá þar sem stjórnendum eru hvattir til þess að vekja athygli á þessari áætlun með QR kóða á þeim tilkynningum sem eru hengdar upp á veggjum skólans.

### Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Fanný Ragna Gröndal

Stefán Snær Stefánsson



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

